

	Númer verklagsreglu I.02.L01.01	
	Heiti: Sveinsprófshandbók– bakaraiðn	Iðn- og starfsnám
	Dagsetning núverandi útgáfu: 28.03.12	

Bakaraiðn

Sveinsprófshandbók

©Handbók sveinsprófsnefndar í bakaraiðn–
Sveinsprófsnefndin í bakaraiðn og IÐAN fræðslusetur ehf.,
Skúlatúni 2, 105 Reykjavík, Íslandi
Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Veffang: www.idan.is – Netfang: idan@idan.is – Öll réttindi áskilin.
Afrítun, dreifing og notkun þessarar bókar er óheimil án skriflegs leyfis IÐUNNAR fræðsluseturs.
1.útgáfa 2012
ISBN 978-9935-442-83-3

EFNISYFIRLIT

Sveinspróf.....	4
Hlutverk og skyldur – hver gerir hvað?	4
Menntamálaráðherra	4
Starfsgreinaráð	4
Sveinsprófsnefnd	5
Uppbygging sveinsprófa – prófþættir skv. 12. gr. reglugerðar nr 698/2009 um sveinspróf	5
Meðferð prófurlausna	5
Trúnaðarskyldur	6
Próftökustaður	6
IÐAN fræðslusetur	6
Reikningar og laun	6
Innheimta vegna sveinsprófa	6
Eftirlit og úrvinnsla	7
Sveinspróf í bakaraiðn	8
Starfsreglur og framkvæmd	8
Kynning fyrir próftökum	8
Prófstaður	8
Aðstaða	8
Prófþættir og vægi	9
Skriflegt próf	9
Verklegt próf	9
Matbrauð , vægi 15%	9
Smábrauð , vægi 7%	9
Vínarbrauð , vægi 15%	10
Formkökur , vægi 6%	10
Blautdeig , vægi 10%	10
Lagtertur , vægi 7%	10
Terta að eigin vali, vægi 10%	10
Kransakökustrýta, vægi 10%	10
Mappa , vægi 5%	10
Sýning á borði, vægi 5%	11
Einkunnagjöf	11
Skil á einkunnum og prófsýning	12
Almennar reglur	12
REGLUGERÐ	13

SVEINSPRÓF

Samkvæmt iðnaðarlögum er aðalreglan sú að iðnmeistarar, sveinar og iðnnemar hafi rétt til iðnaðarstarfa í löggiltum iðngreinum. Einnig er bent á að samkvæmt iðnarlögum hafa þeir einir rétt til að kenna sig við starfsheiti sín sem hafa sveinsbréf eða meistarabréf. Nemar í iðngreinum mega kenna sig við iðngrein sína. Nánar um iðnaðarlögin má sjá [hér](#).

Heimilt er að taka hvern þann í sveinspróf sem hefur lokið vinnustaðanámi og burtfararprófi í viðkomandi iðngrein eða sætt raunfærnimati skv. reglum menntamálaráðuneytisins. Ef próftaki stenst sveinspróf fær hann útgefna sveinsprófabók þar sem niðurstöður einkunna koma fram eftir nánari leiðbeiningum sveinsprófsnefnda.

Sveinsbréfið er gefið út í kjölfarið, af iðnaðarráðuneytinu, og er að öllu jöfnu afhent formlega við athöfn sem viðeigandi fagfélag stendur fyrir.

Sveinspróf eru haldin a.m.k. einu sinni á ári í hverri iðngrein ef næg þátttaka næst. Umsóknarfrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar. Sveinsprófsnefnd ákveður prófdaga og próftökustað í sveinsprófum, bæði fyrir skrifleg og verkleg próf, í samráði við starfsmenn IÐUNNAR, skólastjórnendur í viðkomandi skólum eða forsvarsmenn próftökustaðar. Formenn sveinsprófsnefnda áætla efniskostnað við sveinsprófin samkvæmt prófpáttalýsingu.

HLUTVERK OG SKYLDUR – HVER GERIR HVAD?

IÐAN fræðslusetur og menntamálaráðuneytið gera með sér samning um umsýslu sveinsprófa. Þar kemur fram að IÐAN hefur samráð við hlutaðeigandi sveinsprófsnefnd og [starfsgreinaráð](#) um verkefnið og fylgir reglugerð [nr. 698/2009](#) um sveinspróf sem og reglum ráðuneytis um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófa.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Ráðherra skipar í sveinsprófsnefndir og setur nefndunum starfsreglur að fengnum tillögum frá starfsgreinaráði. Ráðuneytið sker úr um ágreining sem kann að rísa og er úrskurður menntamálaráðherra lokaúrskurður.

STARFSGREINARÁÐ

Starfsgreinaráð koma með tillögur um uppbyggingu og inntak lokaprófa, s.s. aðstöðu á prófstað, mat á úrlausnum, einkunnagjöf, birtingu niðurstaðna, þ.m.t. lágmarksárangur á sveinsprófi o.s.frv., sjá nánar um verkefni [starfsgreinaráð](#). Ef um er að ræða meiriháttar breytingar á inntaki eða fyrirkomulagi sveinsprófs skal haft samráð við starfsgreinaráð.

Í sveinsprófsnefnd skulu vera þrjú menn og jafnmargir til vara og skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann hafa kennslureynslu í viðkomandi iðngrein ef þess er nokkur kostur. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann og ritara.

UPPBÝGGING SVEINSPRÓFA – PRÓFÞÆTTIR SKV. 12. GR. REGLUGERÐAR NR 698/2009 UM SVEINSPRÓF

Umfang og uppbyggingu sveinsprófa skal ákveða í samræmi við markmið aðalnámskrár og uppbyggingu námsins, þ.m.t. skiptingu þess í skólanám og vinnustaðanáms. Sveinspróf skiptast eftir atvikum í verklegan hluta, skriflegan hluta, vinnuhraða og teikningu. Sveinsprófsnefnd ákveður vægi prófþátta, svo og vægi efnisatriða innan hvers prófþátta, ef svo ber undir. Nefndin skilgreinir jafnframt viðmið um lágmarksárangur í einstökum prófþáttum.

Verklegur hluti sveinsprófs skiptist eftir atvikum í:

- verktækni, þar með taldar öryggisreglur, vinnulag og handbragð,
- hreinlæti og umgengni,
- prófverkið, þar með talið mál, útlit, verkun, bragð o.fl.,
- áfangapróf samkvæmt reglum iðngreinarinnar,
- ferilbók vinnustaðanáms,
- verkáætlanir, vinnuskipulagningu, efnislistun og tækjaáætlanir,
- hönnun prófverkefnis.

Sveinsprófsnefndarmenn eru ábyrgir fyrir framkvæmd sveinsprófa sjá nánar í [reglugerð](#) og í prófþáttalýsingu viðkomandi greinar sem hægt er að nálgast hér.

MEÐFERÐ PRÓFÚRLAUSNA

Sveinsprófsnefndin varðveitir úrlausnir úr sveinsprófi í eitt ár, s.s. skriflegar úrlausnir og myndir af sveinsprófsverkefnum eða verkefni sjálf ásamt tilheyrandi matsblöðum og umsögnum. Innan árs frá því að niðurstöður sveinsprófa eru birtar getur próftaki óskað eftir því að fá úrlausn sína afhenta. Öðrum skriflegum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd.

Óheimilt er að veita öðrum en próftaka upplýsingar um einkunnir hans á sveinsprófi nema nauðsyn beri til vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu að fenginni heimild þar til bærra aðila.

TRÚNAÐARSKYLDUR

Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sitja í sveinsprófsnefnd. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta í heild úrlausnir einstakra nemenda. Sveinsprófsnefndarmaður viku sæti ef hann er eða hefur verið meistari iðnnema eða kennari hans í verknámi, er náskyldur honum eða tengdur. Nefndarmönnum ber sjálfum skylda til þess að upplýsa um aðstæður er geta valdið vanhæfi þeirra sbr. 3.–6. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

PRÓFTÖKUSTAÐUR

IÐAN fræðslusetur gerir samkomulag fyrir hönd sveinsprófsnefndar við forsvarsmenn próftökustaðar. Í samkomulaginu kemur fram lýsing á aðstöðu, búnaði, verkfærum og öðru sem þarf að vera á staðnum til þess að prófið geti farið fram í samræmi við kröfur prófþáttalýsingar viðkomandi sveinsprófa. Samkomulagið felur í sér afnot af húsnæði og viðeigandi búnaði ásamt umsjón. Ef sveinsprófsnefnd óskar eftir því að kaupa meiri þjónustu frá próftökustað, s.s. aðstoð af ýmsu tagi frá kennurum eða starfsmönnum skóla, er það tilgreint sérstaklega.

Að framkvæmd sveinsprófa koma ekki aðrir aðilar en sveinsprófsnefnd og sérstaklega tilnefndir trúnaðarmenn þeirra, s.s. eins og prófstjórar.

IÐAN FRÆÐSLUSETUR

IÐAN auglýsir sveinspróf skv. leiðbeiningum reglugerðar um sveinspróf. Próf eru haldin ef nægileg þátttaka fæst að minnsta kosti einu sinni á ári. IÐAN kemur upplýsingum til verðandi sveinsprófstaka um framkvæmd sveinsprófa í hverri grein samkvæmt fyrirmælum sveinsprófsnefndar. Starfsfólk IÐUNNAR aðstoðar einnig sveinsprófsnefndir við störf sín. Hér er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella hér. Ef próftaki unnir ekki niðurstöðum prófsins, þrátt fyrir útskýringar sveinsprófsnefndar, skal próftaki hafa samband við náms- og starfsráðgjafa, sjá nánar um náms- og starfsráðgjafa [hér](#).

REIKNINGAR OG LAUN

Reikningar vegna sveinsprófa, s.s. kaupa á efnum og launa sveinsprófsnefndarmanna, skulu berast til IÐUNNAR áritaðir af formönnum sveinsprófsnefndar. Launataxti byggist á leiðbeiningum menntamálaráðuneytisins um þóknunareiningar vegna nefndarvinnu. IÐAN sér um að greiða fyrir sannanlegan efniskostnað og að greiða sveinsprófsnefndamönnum laun samkvæmt fyrirbyggjandi [tímaseðli](#). Tímafjöldi skal vera í samræmi við umfang prófa hverju sinni (sjá nánar hér). IÐAN sér um að greiða laun umsjónaraðila á próftökustað skv. samningi við aðila próftökustaða. Uppgjör vegna sveinsprófa skulu liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveinspróf eru haldin.

INNHEIMTA VEGNA SVEINSPRÓFA

Starfsmenn IÐUNNAR innheimta sveinsbréfastjald og efnisgjald af sveinsprófstökum fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Greiða ber fyrir sannanlegan kostnað vegna sveinsprófa eins og efnisgjald og sveinsbréfastjald áður en prófin hefjast.

EFTIRLIT OG ÚRVINNSLA

IÐAN fer reglulega yfir reglur, reglugerðir, lög og áorðnar breytingar sem snúa að sveinsprófum og tilkynnir sveinsprófsnefndum. Aðal- og varamenn viðkomandi sveinsprófsnefnda eru boðaðir á þann fund. Á fundi með sveinsprófsnefnd skal fara yfir prófþáttalýsingu sveinsprófa, reynslu af framkvæmd prófa, prófabanka sveinsprófa, yfirfara reglur um varðveislu prófgagna, framkvæmd prófsýningar, aðstæður á prófstað og almennar reglur um vanhæfi og tilefni kæru á framkvæmd sveinsprófa. Að loknum sveinsprófum eru niðurstöður þeirra teknar saman í skýrslu þar sem fram kemur; a) lýsing á prófverkefni, b) tímasetning prófa, c) staðsetning á prófum, d) fjöldi í sveinsprófi eftir greinum, e) námsstaður nemanna, f) einkunnir, s.s. meðaltalseinkunn, einkunnadreifing, g) framkvæmd prófsins, prófstjórn, aðstaða, samskipti við prófstað. Í skýrslunni skal einnig tilgreina atriði sem betur mættu fara í framkvæmd prófanna, ábendingar um almenna veikleika nema við úrlausn einstakra verkefna svo og styrkleika þeirra. IÐAN áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við kostnaðarliði, hvort sem um er að ræða efni eða tímaseðla sveinsprófsnefnda.

Eigi síðar en fjórum vikum eftir sveinspróf skal IÐAN senda próftaka niðurstöður sveinsprófs í ábyrgðarpósti eða á annan tryggan hátt. IÐAN sendir niðurstöður prófnefndar til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en fjórum vikum eftir töku sveinsprófs.

Þá skal sannreyna að öll gögn sem staðfesta að skilyrði til útgáfu sveinsbréfs séu fyrir hendi. Þegar prófi er lokið skal sveinsprófsnefnd skila IÐUNNI fræðslusetri skýrslu um framkvæmd og niðurstöður prófsins. (Hér er hægt að nálgast skýrsluform.)

SVEINSPRÓF Í BAKARAIÐN

Starfsgreinaráð í matvæla- og veitingagreinum tilnefdir í sveinsprófsnefndir í bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Frá 01. Janúar 2011 til 31. desember 2014 er sveinsprófsnefnd í bakaraiðn skipuð eftirtöldum aðilum:

Aðalmenn:

Jóhannes Felixson	sími:	netfang: joifel@joifel.is
Pórunn Hjaltadóttir	sími:	netfang
Hafliði Ragnarsson	sími:	netfang

Varamenn

Steinþór Jónsson	sími:	netfang:
Arnar Erlingsson	sími:	netfang:
Gunnar Gunnarsson	sími:	netfang:

STARFSREGLUR OG FRAMKVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd heldur kynningu á framkvæmd sveinsprófa á lokaönn nema í skóla. Þar fá væntanlegir próftakar allar þær upplýsingar sem þeir þurfa um framkvæmd prófsins og geta þá lagt spurningar fyrir prófnefnd um þau atriði sem eru þeim ekki ljós.

PRÓFSTAÐUR

Verklegi hluti sveinsprófs í matreiðslu fer fram í Hótel- og matvælaslólanum í Kópavogi, skriflegi hluti prófsins getur farið fram eftir atvikum á öðrum stað þar sem viðunandi aðstaða er.

AÐSTAÐA

Sveinsprófsnefnd hefur tekið út aðstöðu og metið að prófaðstaðan sé fullnægjandi. ÍÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn staðar þar sem prófið fer fram hafa gert með sér samning um afnot sveinsprófsnefnda á húsnæði fyrir sveinsprófin.

Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega.

PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinspróf í bakaraiðn skiptast í þrjá þætti. Þessir þættir eru:

Skriflegt próf.....	vægi 10%
Verklegt próf.....	vægi 80%
Mappa.....	vægi 5%
Borð.....	vægi 5%

Próftaki verður að ná lágmarkseinkunn 5,0 í hverjum hluta. Prófverkefni byggjast á markmiðum námskrár.

Próftími

Verklega prófið fer fram í tveimur áföngum á prófstað og stendur yfir í tvo daga. Fyrri prófdagurinn er undirbúningur og fá próftakar að hámarki þrjár klukkustundir til undirbúnings. Á öðrum prófdegi ljúka nemendur öllum prófverkefnum. Prófið hefst kl. 8 og stendur til kl. 14. Próftími seinni daginn er að hámarki sex og hálf klukkustund. Próftími er samtals níu og hálf klukkustund í verklegu prófi og skriflegu prófi. Prófnefnd getur heimilað 15 mínútna skekkjumörk ef eitthvað kemur óvænt upp á hjá próftaka og þarf þá viðkomandi að gefa trúverðuga skýringu á seinkun sinni til formanns prófnefndar. Prófstykki er ekki metið nema það sé fullklárað. Fari próftaki fram úr þeim tímamörkum sem upp eru gefin telst hann ekki hafa staðist próf.

SKRIFLEGT PRÓF

Skriflegt próf vegur 10% í heildareinkunn. Prófið er ýmist í formi verkefna eða fjölvalsspurninga. Verkefnin og spurningarnar geta t.a.m. fjallað um geymslu og meðferð tiltekins hráefnis, útreikninga á skammtastærð og nýtingu hráefnis, vinnulag við bakstur, bakstur o.fl. Próftaki má nota reiknivél við lausn verkefna.

VERKLEGT PRÓF

Verklegt próf vegur 80% af heildareinkunn, þar af gildir vinnuhraði 10%. Próftaki skilar möppu þar sem fram kemur lýsing á þeim vörum sem hann framleiðir í sveinsprófinu, uppskriftir og afstöðuteikning. Sveinsprófsnefnd tekur ákvörðun hverju sinni um úrfærslur á einstökum verkefnum.

MATBRAUÐ, VÆGI 15%

Baka franskbrauð og brauðtegund að eigin vali. Hver uppskrift er 1½ lítri. Nýta skal alla uppskriftina. Eftirtaldir þættir eru metnir: deiglögun, uppsláttur, hefun, þéttleiki, útlit, bakstur, skorpa og bragð.

SMÁBRAUÐ, VÆGI 7%

Baka fjórar tegundir af smábrauðum úr tveimur deigtegundum. Baka skal 30 smábrauð í hvorri tegund. Samtals 120 smábrauð.

Eftirtaldir þættir eru metnir: deiglögun, uppsláttur, hefun, þéttleiki, útlit, bakstur, skorpa og bragð.

VÍNARBRAUÐ, VÆGI 15%

Baka skal þrjár tegundir af stórum vínarbrauðum og þrjár tegundir af sérbökuðum. Baka skal tólf sérbökuð brauð. Nýta skal allt deigið. Nemandi ber að sýna prófdómara deigið eftir reglu sem prófdómara kynna próftaka. Eftirtaldir þættir eru metnir: deiglögungun, innri brot, rúllun, hefun, bakstur/skorpa, útlit, smjörlæg, rennsli, bragð.

FORMKÖKUR, VÆGI 6%

Sveinsprófsnefnd leggur verkefni fyrir próftaka á fyrri degi prófsins.

Eftirtaldir þættir eru metnir: deiglögungun, vigtun, bakstur, toppur rifnar, þéttleiki, fall bita, bragð.

BLAUTDEIG, VÆGI 10%

Laga skal blautdeig um einn lítra og baka minnst þrjár tegundir. Eftirtaldir þættir eru metnir: deiglögungun, deigrúllun, fyllingar, úrvinnsla og frumleiki, hefun, bakstur, samsetningar, bragð, heildarútlit.

ÞEYTT RÚLLUTERTA, VÆGI 7%

Þeyta skal upp rúllutertu án hjálparefna, smyrja skal inn í rúllutertuna með smjörkreminni. Uppskriftin skal vera fjórir botnar að stærð 45x60.

Eftirtaldir þættir eru metnir: deigmeðhöndlun, vigtun, bakstur, útrennsli, krem, bragð og heildarútlit.

TERTA AÐ EIGIN VALI, VÆGI 10%

Laga skal tvær tertur að eigin vali. Heimilt er að koma með bakaða botna. Önnur tertan fer á sýningarborð en hin tertan er fyrir bragðpróf sveinsprófsnefndar. Smakkterta þarf ekki að vera fullskreytt, en marsípan-, gel- eða súkkulaðihjúpur þarf að fylgja með eftir því sem við á. Sveinsprófstaki kemur með öllum skrautberum og skreytiefni á tertuna.

Eftirtaldir þættir eru metnir: vinnuaðferð, vinnubrögð, samsetning á tertu, fromasgerð, frumleiki, heildarútlit, bragð botna, bragð fromas.

KRANSAKÖKUSTRÝTA, VÆGI 10%

Laga skal tíu hringja kransakökustrýtu úr 800 g kransakökumassa. Nýta skal afganga til þess að búa til kransakökubita eða kransakökukonfekt.

Eftirtaldir þættir eru metnir: deiglögungun, rúllun, bakstur, útlit, sprautun, samsetning og bragð.

MAPPA, VÆGI 5%

Próftaki leggur fram möppu með uppskriftum og lýsingu á þeim verkefnum sem hann tekur fyrir í prófinu.

SÝNING Á BORÐI, VÆGI 5%

Vöruuppstilling af prófverkefnum. Nemandi leggur til alla „leikmuni“. Borð er metið með tilliti til verkefna próftakans, frumleika, samsetninga og söluvænleika. Borðið 1,3x1,8 má innihalda eftirfarandi:

- Vínflöskur
- Borðbúnað
- Ávexti, blóm, grænmeti
- Dúk
- Servíettur

Námsmat

Hver verkþáttur í verklegu prófi er metinn með tilliti til efnispátta hvers verkefnis. Almennir þættir sem eru metnir í prófinu eru eftirfarandi:

- Gefin er einkunn fyrir hvort próftaki nýtir sér réttar aðferðir við prófverkefni. Nýting og umgengni um hráefni er metið.
- Metið er hvort próftaki skipuleggi vinnu sína rétt og í eðlilegu samhengi við verkefnið.
- Metið er hvort framsetning á prófverkefni sé í samræmi við uppskriftir og lýsingu á verkefnum.
- Metið er hvort bragð sé í samræmi, hvort einhver bragðefni yfirgnæfa önnur með
- óeðlilegum hætti, hvort réttur sé bragðlaus, einnig hvort réttir innihalda óeðlilega mikið af salti eða sykri.
- Metið er hvort próftaki gangi snyrtilega um, sé þrifalega til fara og hafi þekkingu á þeim heilbrigðisreglum sem gilda í meðhöndlun matvæla.

EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en tíu dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en 4 vikum eftir að prófið hefur verið haldið. Að loknu mati sveinsprófsnefndar og uppstillingu á borði er prófsýning. Á prófsýningu gefst nemandi færi á að spyrja prófnefndina nánar út í einstök verkefni. Próftaki fær ekki lokaekunn en er upplýstur um styrkleika og veikleika við úrlausn verkefna. Eins er hann upplýstur um það hvort hann hafi staðist próf eða ekki.

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti. Skriflegum úrlausnum er eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála er að ræða gilda reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf. *Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.*

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki notar einungis þau áhöld sem eru til staðar á prófstað. Próftaki má koma með tilbúna botna fyrir verkefnið, *tertú að eigin vali* og hráefni í tertuna, s.s. bragðefni og ávexti.
- Óheimilt er að nota hjálparefni.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Próftaki skal mæta til prófs í hreinum vinnufötum. Vinnuföt eru buxur, jakki, svunta, húfa og hreinir lokaðir vinnuskór.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt próf þrem dögum eftir auglýst próf.
- Ef staðfesting er frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika fær sveinsprófstaki viðbótartíma. Hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

REGLUGERÐ

um sveinspróf.

1. gr.

Ábyrgð menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að haldin séu sveinspróf fyrir iðnnema í löggiltum iðngreinum, hefur eftirlit með framkvæmd prófanna og veitir upplýsingar um þau.

2. gr.

Reglur um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófa.

Menntamálaráðherra setur reglur þar sem kveðið er á um uppbyggingu, inntak og tilhögun sveinsprófa í hverri löggilttri iðngrein um sig að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs. Reglur þessar skulu tryggja eftir föngum að sveinspróf í viðkomandi iðngrein endurspegli námskröfur, umfang og skipulag náms samkvæmt aðalnámskrá og að jafnræði sé milli próftaka hvar á landinu sem er. Reglurnar eru birtar á vef menntamálaráðuneytis.

3. gr.

Próftakar.

Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur burtfararprófi frá iðnmenntaskóla og tilskilinni starfsþjálfun í atvinnulífi samkvæmt námskrá viðkomandi iðngreinar eða sætt raunfærnimati skv. reglum menntamálaráðuneytis. Nemandi sem lokið hefur tilskildu vinnustaðanámi getur þó hafið töku sveinsprófs á lokaönn í skóla, enda teljist verkefni annarinnar vera hluti af sveinsprófi.

Leitast skal við að koma til móts við sérþarfir nemenda sem eiga við fötlun eða sértæka námsörðugleika að etja, sbr. ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla um frávik frá prófareglum. Frávik í sveinsprófum getur þó ekki leitt til þess að próftaki sé undanþeginn einstökum prófþáttum. Menntamálaráðuneyti veitir leiðbeiningar um þá aðstoð sem viðeigandi er í hverju tilviki.

4. gr.

Staðfesting umsókna.

Meistari staðfestir umsókn um sveinspróf fyrir nemendur í samningsbundnu iðnnámi en framhaldsskóli fyrir þá er ljúka námi af verknámsbraut viðkomandi skóla. Umsóknin skal vera á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal fylgja burtfararprófsskírteini frá skóla eða staðfesting á námsframvindu, afrit af námssamningi nemanda eða heimild menntamálaráðherra þegar svo ber undir.

5. gr.

Skipan sveinsprófsnefnda.

Menntamálaráðherra skipar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum fyrir allt landið til þess að sjá um framkvæmd sveinsprófa og mat á úrlausnum. Þóknun sveinsprófsnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

6. gr.

Sveinsprófsnefndarmenn og kröfur til þeirra.

Í sveinsprófsnefnd skulu vera þrír iðnaðarmenn úr viðkomandi iðngrein og jafnmargir til vara og skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra til allt að fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs og skal að jafnaði annar vera meistari en hinn sveinn. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann hafa kennslureynslu í viðkomandi iðngrein sé þess nokkur kostur. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann. Formaður boðar nefndina til funda og stjórnar störfum hennar.

Við tilnefningar og skipun fulltrúa í sveinsprófsnefndir skal gæta fyrirmæla 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sitja í sveinsprófsnefnd. Þeim ber að sýna hlutleysi og fylgja vönduðum stjórnarsýsluháttum og fyrirmælum stjórnarsýslulaga í störfum sínum. Þá eru þeir bundnir af ákvæðum upplýsingalaga nr. 50/1996 og er óheimilt að fjalla opinberlega um eða birta í heild úrlausnir einstakra nemenda.

Sveinsprófsnefndarmaður vísar sæti úr nefnd ef hann er eða hefur verið meistari próftaka eða kennari hans í verknámi, náskyldur honum eða tengdur. Nefndarmönnum ber sjálfum skylda til þess að upplýsa um aðstæður er geta valdið vanhæfi þeirra, sbr. 3. - 6. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

7. gr.

Hlutverk sveinsprófsnefndar.

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á samningu sveinsprófs og gengur frá þeim gögnum sem nota þarf við prófið. Sveinsprófsnefnd leggur fyrir skrifleg og verkleg próf. Hún fylgist með vinnutíma próftaka og skráir upphaf og endi vinnutíma hjá hverjum og einum. Á sama hátt skráir prófnefndin á matsblað (atriðalista) vinnulag próftakans, metur og gefur einkunnir fyrir vinnuhæða og verklag. Ef vart verður við almenn vafaatriði hjá próftökum skal úr þeim leyst í heyranda hljóði ef aðstæður leyfa.

8. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um sveinspróf er einn mánuður frá birtingu auglýsingar. Ekki er tekið við umsóknum að liðnum auglýstum umsóknarfresti.

9. gr.

Prófstaðir.

Formaður sveinsprófsnefndar ákveður prófstaði í samráði við umsýsluaðila, sbr. 19. gr. Úttekt skal gerð á prófstað og skorið úr um hvort hann uppfylli skilgreindar kröfur. Til þess að próf geti farið fram á tilteknum stað skal við það miðað að próftakar séu fimm eða fleiri. Þegar litlar vegalengdir eru á milli staða skal haldið próf á einum stað enda þótt fjöldi umsækjenda sé það mikill að hægt væri að halda próf á fleiri stöðum. Ef umsækjandi er einn, skal honum vísað á næsta prófstað. Ef prófað er í iðninni á fleiri stöðum en einum á landinu skal gefa slíkum próftaka kost á að velja sér prófstað. Sveinspróf skal halda að lágmarki einu sinni á ári þótt einungis einn sækji um próf í iðninni á öllu landinu. Sveinspróf skulu að jafnaði haldin nálægt annarlökum framhaldsskóla, sbr. þó 1. mgr. 3. gr.

10. gr.

Samræming sveinsprófa.

Ef nauðsynlegt reynist að halda sveinspróf á fleiri en einum stað á landinu samtímis skal prófið vera samræmt eftir því sem við verður komið. Í slíkum tilvikum er prófnefnd heimilt að kalla prófmeistara til starfa. Hlutverk prófmeistara er að leggja próf fyrir á viðkomandi stað samkvæmt verklýsingu prófnefndar, fylgjast með próftökum og meta úrlausnir samkvæmt nánari leiðbeiningum sveinsprófsnefndar. Sveinsprófsnefnd velur prófmeistara í samráði við umsýsluaðila sveinsprófa eða samtök iðnaðarmanna í iðninni í því sveitarfélagi þar sem halda á prófið. Áður en próf hefst skulu liggja fyrir hjá umsýsluaðila upplýsingar um þá prófmeistara sem koma að prófahaldi á hverjum stað.

11. gr.

Efniskostnaður við próftöku.

Um heimild til innheimtu efnisgjalds vegna próftöku fer skv. 45. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og reglugerð settri samkvæmt þeirri grein.

12. gr.

Uppbygging sveinsprófa – prófþættir.

Umfang og uppbyggingu sveinsprófa skal ákveða í samræmi við markmið aðalnámskrár og uppbyggingu námsins, þ.m.t. skiptingu þess í skólanám og vinnustaðanám. Sveinspróf skiptast eftir atvikum í verklegan hluta, skriflegan hluta, vinnuhraða og teikningu. Sveinsprófsnefnd ákveður vægi prófþátta, svo og vægi efnisatriða innan hvers prófþátta, ef svo ber undir. Nefndin skilgreinir jafnframt viðmið um lágmarksárangur í einstökum prófþáttum.

Verklegur hluti sveinsprófs skiptist eftir atvikum í:
verktækni, þar með taldar öryggisreglur, vinnulag og handbragð,
hreinlæti og umgengni,
prófverkið, þar með talið mál, útlit, verkun, bragð o.fl.,
áfangapróf samkvæmt reglum iðngreinarinnar,
ferilbók vinnustaðanáms,
verkáætlanir, vinnuskipulagningu, efnislistun og tækjaáætlanir,
hönnun prófverkefnis.

Vinnuhraði og frágangur. Sveinsprófsnefnd ákveður sjálf í hvaða þáttum prófanna vinnuhraði er metinn, hvaða tímamörk miða skal við og hvaða kröfur eru gerðar um frágang og skil verkefna.

Í skriflegum hluta sveinsprófs skal leitað eftir getu nemenda til að tengja saman verklega og bóklega þætti námsins. Jafnframt skal spurt um verklega þætti og öryggismál sem ekki koma til prófs í verklegum hluta sveinsprófsins.

Þegar teiknipróf frá framhaldsskóla er ekki látið gilda getur teikning á sveinsprófi skipst í iðnteikningu og teiknilestur.

13. gr.

Upplýsingar til próftaka.

Þegar auglýstur umsóknarfrestur um sveinspróf er liðinn sendir umsýsluaðili próftökum upplýsingar um prófdaga og prófstaði ásamt lýsingu á uppbyggingu og framkvæmd prófsins og aðferðum við námsmat. Próftakar skulu upplýstir um vægi einstakra prófþátta og helstu viðmiðanir um nákvæmni, áferð, útlit, frágang og annað er kemur til mats. Benda skal próftökum á rétt þeirra til skýringa og um úrlausn ágreiningsmála, sbr. 15. gr. Þegar prófið fer fram á stað sem er nemandi ókunnur skal sveinsprófsnefnd veita honum tækifæri til að kynna sér staðinn og æfa sig á vélbúnaði áður en prófið hefst. Próftökum skal gerð grein fyrir umgengniskröfum, umhirðu á verkfærum, samskiptakröfum og frágangi á prófstað.

14. gr.

Einkunnagjöf.

Sérstök einkunn er gefin fyrir hvern prófþátt og skal próftaki ná tilskildum lágmarksárangri í hverjum prófþætti til þess að standast sveinsprófið. Einkunn í sveinsprófi byggist á reiknuðu meðaltali prófþátta en vægi og fjöldi þátta getur verið mismunandi eftir iðngreinum. Um einkunnagjöf á sveinsprófum fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla. Falli próftaki í prófþætti er honum heimilt að gangast undir endurtökupróf í þeim þætti eingöngu, verði því við komið, næst þegar sveinspróf er haldið í viðkomandi iðngrein. Sveinsprófsnefnd annast frekari útfærslu á tilhögun endurtökuprófa og framkvæmd þeirra.

15. gr.

Prófsýning, ágreiningur og endurtökupróf.

Þegar niðurstöður sveinsprófs liggja fyrir skal sveinsprófsnefnd gefa próftaka kost á að sjá niðurstöður úr sínu eigin prófi og einstökum þáttum þess. Sé próftaki ósáttur við niðurstöður nefndarinnar getur hann óskað eftir skýringum á þeim. Komi upp ágreiningur milli próftaka og sveinsprófsnefndar, sem ekki tekst að leysa þeirra í millum, kveður menntamálaráðherra til prófdómara til að fara yfir niðurstöðuna. Ósk próftaka um álit prófdómara skal liggja fyrir innan mánaðar frá því próftaka var kunn niðurstaða prófs. Úrskurður prófdómara skal gilda.

Próftaka er heimilt að þreyta sveinspróf allt að þrisvar sinnum. Hafi hann þá ekki staðist prófið skal hann sæta endurmati og greiningu hjá skóla sem leggur á ráðin um nauðsynleg úrræði. Með umsókn um að gangast undir sveinspróf í fjórða sinn skal fylgja vottorð skóla um undirbúningsþjálfun próftaka fyrir sveinspróf.

16. gr.

Tilkynning niðurstaðna.

Eigi síðar en fjórum vikum eftir sveinspróf skal prófnefnd senda próftaka niðurstöður sveinsprófs í ábyrgðarpósti eða á annan öruggan hátt. Á prófskírteini kemur fram árangur nemandi í einstökum þáttum prófsins og ein aðaleinkunn.

Í síðasta lagi mánuði eftir að sveinspróf eru haldin sendir prófnefnd niðurstöður þeirra til menntamálaráðuneytisins.

17. gr.

Meðferð upplýsinga og gagna.

Óheimilt er að veita öðrum en próftaka upplýsingar um einkunnir hans á sveinsprófi nema nauðsyn beri til vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu að fenginni heimild Persónuverndar. Sveinsprófsnefnd ber skylda til að varðveita sveinsstyrki og/eða myndir og önnur gögn er tilheyrja sveinsprófum í eitt ár frá próftöku. Innan árs frá því að niðurstöður sveinsprófa eru birtar, sbr. 16. gr., getur próftaki krafist þess að fá afrit af úrlausnum sínum afhent. Skriflegum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófúrlausnum á sveinsprófi fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

18. gr.

Sveinsprófaskrá.

Menntamálaráðherra heldur skrá yfir alla er lokið hafa sveinsprófi í löggiltum iðngreinum.

19. gr.

Umsýsluaðilar sveinsprófa.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. getur menntamálaráðherra samið við aðra aðila, svo sem sjálfstæða fræðsluaðila á vinnumarkaði, um að annast framkvæmd sveinsprófa. Í samningi skal m.a. koma fram að umsýsluaðili prófanna sjái um framkvæmd þeirra, auglýsi þau, skrái próftaka til prófs og útvegi sveinsprófsnefnd vinnuáðstöðu.

20. gr.

Viðurkenning á iðnmenntun erlendra einstaklinga.

Menntamálaráðherra getur veitt umsögn um iðnmenntun erlendra einstaklinga utan EES-svæðisins er óska eftir að starfa í löggilttri iðngrein hér á landi. Gengið skal úr skugga um að inntak hins erlenda náms sé sambærilegt við hliðstætt starfsnám hér á landi með samþykki við íslenska námskrá í viðkomandi iðngrein. Umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini á frummálinu þar sem inntak náms er tilgreint, þýðing á prófskírteini á íslensku, ensku eða Norðurlandamál og upplýsingar um starfsreynslu á viðkomandi sviði. Þá fylgi umsókn einnig ljósrit úr vegabréfi með persónuupplýsingum. Menntamálaráðherra getur heimilað einstaklingi með starfsmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi ef framlögð námsgögn hans leyfa ekki samþykki við íslenska námskrá. Heimilt er að taka til sveinsprófs einstaklinga sem lokið hafa iðnnámi erlendis og gengist undir mat á námi sínu hér á landi, en teljast ekki uppfylla skilyrði um nám í almennum greinum samkvæmt íslenskri námskrá.

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 525/2000 um sveinspróf með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 20. júlí 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

Baldur Guðlaugsson.

_____ B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2009